

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1784/2006

2014/EES/73/80

frá 4. desember 2006

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar notkun hjálparefna við vinnslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ⁽¹⁾, einkum þriðja málslíð sextánda undirliðar 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ósoneýðandi efnið koltetrakloríð er skráð sem takmörkunarskytt efni í IV. flokki I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 og því gilda notkunartakmarkanir samkvæmt þessari reglugerð.
- 2) Með tilliti til nýrra upplýsinga og tækniþróunar, sem greint er frá í framvinduskýrslu starfshóps um hjálparefni við vinnslu á vegum Montreal-bókunarinnar um efni sem valda rýrnun ósonlagsins frá október 2004 ⁽²⁾, samþykktu aðildarríkin að Montreal-bókuninni ákvörðun XVII/7 ⁽³⁾ á sautjándra fundi þeirra í desember 2005. Nánar tiltekið er koltetrakloríði, með ákvörðun XVII/7, bætt við endurskoðaða töflu A í ákvörðun X/14 sem vinnsluhjálparefni við framleiðslu geislamerkts sýanókóbalamins, sem er lyf, sem er notað við greiningu á hugsanlegum orsökum fyrir skorti á B₁₂-vítamíni.

- 3) Eins og sakir standa er notkun koltetrakloríðs sem vinnsluhjálparefnis við framleiðslu geislamerkts sýanókóbalamins bönnuð í Bandalaginu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2037/2000. Til að unnt sé að heimila þessa tilteknu notkun, í samræmi við fyrrnefnda ákvörðun sem nýlega var samþykkt samkvæmt Montreal-bókuninni, ber að breyta VI. viðauka reglugerðarinnar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 5.12.2006, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 18.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1366/2006 (Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 12).

⁽²⁾ Skýrsla starfshóps um hjálparefni við vinnslu (Process Agents Task Force), október 2004, bls. 17 (http://hq.unep.org/ozone/teap/Reports/PATF/PATF_Report2004.pdf)

⁽³⁾ Sautjándra fundur aðildarríkja að Montreal-bókuninni árið 2005, ákvörðun XVII/7: skrá yfir notkun takmörkunarskyldra efna sem hjálparefna við vinnslu (http://hq.unep.org/ozone/Meeting_Documents/mop/17mop/17mop-11.e.pdf).

VIÐAUKI

„VI. VIÐAUKI

Vinnsla þar sem takmörkunarskyld efni eru notuð sem hjálparefni eins og um getur í sextánda undirlið 2. gr.

- a) notkun koltetrakloríðs við brottnám á köfnunarefnistriklóríði við framleiðslu á klór og vítissóða,
 - b) notkun koltetrakloríðs við endurheimt á klór í afgangsgasi frá klórframleiðslu,
 - c) notkun koltetrakloríðs við framleiðslu á klóruðu gúmmíi,
 - d) notkun koltetrakloríðs við framleiðslu á ísóbútýlasetófenóni (íbúprófen – verkjalyf),
 - e) notkun koltetrakloríðs við framleiðslu á pólýfenýlenterepalamíði,
 - f) notkun koltetrakloríðs við framleiðslu á geislamerktu sýanókóbalamíni,
 - g) notkun CFC-11 við framleiðslu á þynnum úr fingurðum, tilbúnum pólýólefintrefjum,
 - h) notkun á CFC-12 við ljósefnafræðilega efnasmíði á perflúorpólýeterpólýperoxíði, forefni Z-perflúorpólýetera og tvívirkra afleiða,
 - i. notkun á CFC-113 við afoxun á perflúorpólýeterpólýperoxíðmilliefni til framleiðslu á perflúorpólýeterdiesterum,
 - j) notkun á CFC-113 við framleiðslu perflúrpólýeteradíóla með mikilli virkni,
 - k) notkun á koltetrakloríði við framleiðslu á sýklódími,
 - l) notkun á vetnisklórflúorkolefnum við vinnsluna í a- til k-lið þegar það er notað í stað klórflúorkolefnis eða koltetrakloríðs.“
-